

Reykjavík, 14. október 2019

UST201904-155/S.M.

08.14.02

## Reglubundið eftirlit með urðunarstaðnum að Uxafótarlæk

Þann 9. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


### Ein ábending var gerð í eftirlitinu og sex frávík komu fram er varða:

1. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%). Á urðunarstaðnum sunnan þjóðvegjar voru opnar urðunarreinar með fljótandi úrgang í.
4. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðvegjar var opið og engin starfsemi í gangi.
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Talsvert magn úrgangs var á urðunarstaðnum norðan vegar og hafði úrgangurinn ekki verið birgður.
6. Gr. 2.11 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um tryggingar rekstraraðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. nóvember, 2019.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



<b>Dags eftirlits</b>	9.9.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Mýrdalshreppur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Austurvegi 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4612830399	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorbjörg Gísladóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	501748,175 324486,012

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram sex frávik er varða skil á skráningum, viðbragðsáætlun, urðun fljótandi úrgangs, takmörkun aðgangs, daglegan frágang urðunarreina og tryggingar. Frávik úr eftirliti 2018 er varðar skil á umhverfismarkmiðum helst opið. Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Mýrdalshrepps fyrir urðunarstaðinn við Uxafótarlæk og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.6)
4. Tryggingar (gr. 2.11)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Heimilt er að urða allt að 80 tonn af úrgangi á ári. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um hvort og hversu mikið hefði verið urðað á urðunarstaðnum árið 2018.

Samkvæmt gr. 5.1 í starfsleyfi skal skrá upplýsingar um magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti til urðunar, magn og tegundir spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar og mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, en viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit. Kynntar voru leiðbeiningar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og er rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um tryggingar rekstraraðila vegna mögulegs bráðamengunartjóns.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu en við síðasta eftirlit komu fram tvö frávik frá starfsleyfi er varða umhverfismarkmið og sein skil á skráningum. Rekstraraðili hefur brugðist við fráviki um skil skráninga. Umhverfismarkmið hafa ekki borist og helst það frávik því opið.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Samkvæmt 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati sem unnið er samhliða vettvangsheimsóknnum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Sunnan þjóðveggar var urðunarstaðurinn afgirtur og hlið læst. Urðunarreinar voru opnar og í þeim fljótandi úrgangur. Óheimilt er að urða fljótandi úrgang með þurrefnisinnihald undir 20%. Norðan þjóðveggar var urðunarstaðurinn afgirtur en hlið opið. Talsvert var af óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum sem ekki hafði verið birgður.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

- gr. 5.3 í starfsleyfi  
Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráningar, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit.
- gr. 2.4 í starfsleyfi  
Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit.
- gr. 1.2 í starfsleyfi  
Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%). Á urðunarstaðnum sunnan þjóðveggar voru opnar urðunarreinar með fljótandi úrgangi í.
- gr. 2.1 í starfsleyfi  
Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt með með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Hlið norðan þjóðveggar var opið og engin starfsemi í gangi.
- gr. 4.3 í starfsleyfi  
Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekju efni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Talsvert magn úrgangs var á urðunarstað norðan veggar og hafði úrgangurinn ekki verið birgður.
- gr. 2.11 í starfsleyfi  
Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegas bráðamengunartjóns. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar um tryggingar rekstraraðila.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp ef þörf er á.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.10.2019

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir